



## Leiðbeiningar um útfyllingu á umsókn um leyfi til setu í óskiptu búi

Athygli er vakin á því að útgáfa leyfis til setu í óskiptu búi felur í sér að eftirlifandi maki ber persónulega ábyrgð á skuldum hins látna.

### Til upplýsinga

Þess er óskað að rafrænt eyðublað fyrir [umsókn um leyfi til setu í óskiptu búi](#) verði notað. Umsóknina þarf síðan að prenta út og undirrita og skila til sýslumanns þar sem skipti á dánarbúinu fara fram.

Ef upplýsingar komast ekki fyrir í reit á umsókninni má skila fylgigögnum og vísa til fylgigagna í viðeigandi reit.

Ef fyrir liggur erfðaskrá eða kaupmáli þarf að skila eintaki af því með umsókninni hafi því ekki þegar verið skilað til sýslumanns.

Ef umboðsmaður undirritar umsóknina verður frumrit umboðs að fylgja umsókninni hafi því ekki þegar verið skilað til sýslumanns.

Sýslumaður fer yfir umsóknina og gefur út sérstakt leyfisbréf ef skilyrði eru til að verða við umsókninni. Leyfið er sent til umsækjanda í Stafrænt pósthólf á Ísland.is. Frumrit verður einnig sent til umsækjanda með bréfpósti.

Ef þinglýsa þarf leyfinu hjá sama embætti og gefur leyfið út er hægt að óska eftir því á sama tíma og umsókn er skilað. Greiða þarf þinglýsingargjald kr. 2.700.

### Útfylling á eyðublaðinu

**Umsækjandi:** Fylla skal út helstu upplýsingar um umsækjanda og giftingardag hjóna en vakin er athygli á að eingöngu er hægt að sækja um leyfi til setu í óskiptu búi ef umsækjandi og látni voru í hjónabandi. Umsækjandi þarf einnig að svara því hvort hann sé lögráða (ef umsækjandi hefur verið sviptur fjárræði er hann ekki lögráða) og hvort hann hafi forræði á búi sínu (ef bú umsækjanda er undir gjaldprotaskiptum hefur hann ekki forræði á búi sínu).

**Nafn látna:** Fylla skal út nafn og kennitölu látna ásamt dánardegi.

**Kaupmáli og erfðaskrá:** Fylla skal út upplýsingar um það hvort það liggi fyrir kaupmáli eða erfðaskrá eftir látna og hvort mælt sé fyrir um heimild til setu í óskiptu búi í erfðaskrá.

**Erfingjar hins látna:** Fylla skal út upplýsingar um sameiginleg börn umsækjanda og látna eða þau sem taka arf í þeirra stað. Ef eitthvert barna hjónanna er látið og það



lét eftir sig börn eða aðra afkomendur skal skrá þá sem erfingja. Einungis á að skrá barnabörn eða barnabarnabörn ef þau eru erfingjar í stað látins foreldris síns. Sama á við um kjörbörn sem hafa verið ættleidd.

**Tengsl við látna:** Fylla skal út tengsl erfingjans við látna, t.d. barn, barnabarn eða barnabarnabarn.

**Börn þess látna sem eru ekki börn umsækjanda:** Fylla skal út upplýsingar um erfingja sem eru eingöngu börn látna og þá sem taka arf í þeirra stað ef eitthvert þeirra er látið. Er hér átt við stjúpbörn umsækjanda, stjúpbarnabörn eða stjúpbarnabarnabörn. Sama á við um kjörbörn sem hafa verið ættleidd.

Fylla skal út nöfn, kennitölur, netföng, símanúmer og tengsl erfingjans við látna. Ef erfingi er ófjárráða skal fylla út upplýsingar um nafn og kennitölu lögráðamanns hans.

**Innlendar og erlendar eignir á dánardegi:** Fylla skal út upplýsingar um allar hjúskapareignir hjónanna. Á það bæði við um eignir sem eru skráðar á umsækjanda og látna. Hjón geta einnig átt séreignir vegna kaupmála eða arfs með kvöð um að hann sé séreign þess en ekki skal skrá séreignir inn á umsóknina. Ef látni átti séreignir þurfa skipti á þeim að fara fram áður en hægt er að gefa út leyfi til setu í óskiptu búi. Ef umsækjandi á séreignir á ekki að skrá þær á umsóknina.

**Fasteignir:** Fylla skal út fasteignanúmer, heiti fasteignar, sveitarfélag og skráð fasteignamat á dánardegi. Upplýsingarnar er hægt að finna í síðasta skattframtali hjónanna eða á vefsíðu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar [www.hms.is](http://www.hms.is)

**Innbú:** Fylla skal út áætlað markaðsverð á innbúi hjónanna.

**Ökutæki, loftför og skip:** Fylla skal út upplýsingar um markaðsverð ökutækja, loftfara og skipa. Hægt er að miða við upplýsingar í síðasta skattframtali hjónanna eða afla verðmats frá söluaðila.

**Innistæður í innlendum og erlendum bönkum og sparisjóðum:** Fylla skal út númer allra bankareikninga og innistæður með áunnum vöxtum á dánardegi. Á það bæði við um bankareikninga sem eru skráðir á umsækjanda og látna. Einnig skal skrá bankareikninga erlendis ef einhverjir eru.

**Verðbréf og kröfur:** Fylla skal út upplýsingar um útgefanda á verðbréfum og útistandandi kröfum og fjárhæð þeirra með vöxtum á dánardegi. Ef um verðbréf er



að ræða skal skrá nafn og kennitölu útgefanda. Einnig getur verið um að ræða útistandandi kröfu á annan aðila eða félag og skal þá skrá nafn og kennitölu þess sem krafan beinist að.

**Hlutabréf:** Fylla skal út upplýsingar um heiti hlutafélags eða einkahlutafélags og kennitölu. Einnig skal fylla út nafnverð hlutarins, gengi og verðmæti á dánardegi. Hægt er að fá upplýsingar hjá bönkum eða miða við ársreikning félagsins sem er hægt að sækja á vefsíðu Skattsins [www.skatturinn.is/fyrirtaekjaskra/](http://www.skatturinn.is/fyrirtaekjaskra/)

**Aðrar eignir:** Fylla skal út upplýsingar um aðrar eignir svo sem hugverkaréttindi, búseturétt eða annað sem ekki verður fært undir aðra reiti á umsókninni ásamt upplýsingum um verðmæti þess á dánardegi.

**Peningar/bankahólf:** Fylla skal út upplýsingar um verðmæti sem eru varðveitt í bankahólfi eða annarsstaðar ef einhver eru.

**Innlendar og erlendar skuldir:** Fylla skal út upplýsingar um allar skuldir hjónanna. Á það bæði við um skuldir sem eru skráðar á umsækjanda og látna. Einnig skal skrá skuldir erlendis ef einhverjar eru. Fylla skal út nafn og kennitölu kröfuhafa og eftirstöðvar skuldar á dánardegi.

**Fylgiskjöl:** Með umsókninni skal skila bankayfirlitum og yfirlitum yfir skuldir. Einnig geta þurft að fylgja önnur gögn svo sem erfðaskrá, kaupmáli og yfirlýsing um [samþykki til leyfis til setu í óskiptu búi](#).

**Undirritun:** Fylla þarf út eyðublað fyrir [umsókn um leyfi til setu í óskiptu búi](#) og skila henni undirritaðri ásamt fylgiskjölum til sýslumanns þar sem skiptin fara fram. Ef umboðsmaður undirritar umsóknina verður frumrit umboðs að fylgja umsókninni hafi því ekki þegar verið skilað til sýslumanns.

Frekari upplýsingar um sýslumenn og dánarbúsmál má nálgast á <https://island.is/s/syslumenn/andlat-og-danarbu>

Eyðublöð má nálgast á <https://island.is/s/syslumenn/eydublod>

## Lagareglur:

[Erfðalög nr. 8/1962](#)

[Lög um skipti á dánarbúum o.fl. nr. 20/1991](#)